

ingunni til skólans, er kvartað hafi verið yfir; og þessa yfirlýsingu amtsráðsins tilkynnti **62**
amtmaður sýslumanni með brjefi 12. júlí 1883. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu amtsráðs- 20. apríl
ins veitti sýslunefndin enn Flensborgarskólanum 150 kr. styrk úr sýslusjóði á fundi
sínnum 27. maí 1884. En á aðalfundi amtsráðs suðuramtsins 1885 felldi amtsráðið, eins
og áður er sagt, bæði þessa og fyrri fjárveitinguna úr gildi og færði upp eptirstöðvar í
sýslusjóðsreikningnum um 450 kr.

Jeg verð nú að vísu að vera sömu skoðunar og amtsráðið, að sýslunefndin hafi
ekki að lögum haft heimild til þess að veita úr sýslusjóði styrk til alþýðu- og gagn-
fræðaskólans í Flensborg, því síður sem sá skóli er ekki ætlaður sjerstaklega til að vera
sýsluskóli. Þó virðist eigi næg ástæða til að gjöra sýslunefndinni ábyrgð fyrir fyrri
fjárveitinguna eða skylda hana til að endurborga hana sýslusjóði, þar sem samskonar
fjárveiting hafði átt sjer stað úr sýslusjóðnum til sama skóla árin 1880, 1881 og 1882,
án þess að að því væri fundið af amtsráðinu, enda ónýtti amtsráðið heldur eigi ályktunina
um fjárveitinguna á áður umgetnum fundi sínum árið 1883, en lýsti því að eins yfir
að eigi væri næg heimild fyrir fjárveitingunni, og þá yfirlýsingu skildi sýslunefndin eigi
á annan hátt en sem bendingu fyrir sýslunefndina eptirleiðis. Að því er aptur á móti
snertir síðari fjárveitinguna til Flensborgarskólans, á fundi sýslunefndarinnar 27. maí
1884, að upphæð 150 kr., þá var hún gjörð eptir að sýslunefndin hafði fengið hina á-
minnstu aðvörun eða bendingu frá amtsráðinu 1883, sem sýslunefndin sýndi með fjár-
veitingunni, að hún virti að vettugi, og sje jeg því enga ástæðu til að breyta úrskurði
amtsráðsins viðvíkjandi henni.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, skal af hinum áfrýjuðu úrskurð-
um amtsráðsins í suðuramtinu sá standa óhaggaður, er snertir fjárveiting sýslunefndar-
innar í Kjósar- og Gullbringusýslu til Flensborgarskólans árið 1884, 150 kr., en hinn
úrskurðurinn skal úr gildi felldur.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um áfrýjun saka- **63**
máls af hálfu hins dómfellda. — Í brjefi, dags. 25. marz þ. á., er hingað hefur komið 3. maí
beina leið, hefur presturinn að Dvergasteini, sjera Björn Þorláksson, spurzt fyrir um það,
hvort sjer beri ekki rjettur til að áfrýja til hæstarjettar dómi yfirrjettarins 21. jan. þ.
á., er dæmdi hann í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara einfalt fangelsi fyrir brot
gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga, en þjer hafið, herra sýslumaður, álitid, að
hann hefði eigi slíkan rjett, þar sem hið opinbera eigi fann ástæðu til að áfrýja dóm-
inum og hin ídæmda hegning er að eins sekt eða til vara einfalt fangelsi, sbr. tilsk.
24. jan. 1838 16. gr., sbr. 4. gr. b og c, og hafið þjer því tjáð prestinum, að hann
yrði að vera við því búinn að fullnægja dóminum á sínum tíma samkvæmt ákvæðum
hans.

Út af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið, að samkvæmt 16. gr. i f.
fyrnefndrar tilskipunar 24. jan. 1838, sbr. tilsk. 11. júlí 1800, verður ofanefndum presti
eigi neitað um rjett til að krefjast áfrýjunar á umræddum yfirrjettardómi, er dæmir
hann í 200 kr. sekt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að endursenda mjer
hið fyrsta dómsgjörðirnar í málinu með árituðu vottorði stefnuvottanna um birtingu
dómsins, og um, að dæmdi hafi óskað að honum yrði áfrýjað, og mun jeg þá stefna
málinu til hæstarjettar á venjulegan hátt.